



Borgarráð Reykjavíkur
Dagur B. Eggertsson
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Kópavogur, 10. október 2022
Málsnr. 2202005/PBG/HH

Efni: Samráðshópur á sviði velferðarmála – nýr samstarfssamningur.

Á 545. fundi stjórnar SSH, hinn 3. október 2022, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

2202005 - Velferðarnefnd – samstarfssamningur

Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að nýjum samstarfssamningi aðildarsveitarfélaganna um samráð og samstarf á höfuðborgarsvæðinu um velferðarþjónustu, en ætlunin er að sá samningur komi í stað eldri samnings sem féll úr gildi 2014. Hafa drögin verið unnin í samráði við samráðshóp á sviði velferðarmála en ekki eru í raun lagðar til breytingar á núverandi fyrirkomulagi samstarfs sveitarfélaganna. Er þá ekki gert ráð fyrir að nýr samningur feli í sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin. Markmiðið með nýjum samningi er annars vegar að mæta athugasemdum innviðaráduneytisins um samninga milli sveitarfélaga og hins vegar að endurvekja þann samning sem í raun hefur verið starfað eftir frá árinu 2010.

Þá er fyrirliggjandi minnisblað Hildigunnar Hafsteinsdóttur, lögfræðings SSH, dags. 27. september 2022, um forsögu og ferli málsins.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti drög að nýjum samstarfssamningi sveitarfélaganna um samráð og samstarf á sviði velferðarþjónustu.

Framangreind samningsdrög verði send til efnislegrar umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna.

Beiðni um meðferð á vettvangi sveitarfélagsins:

Meðfylgjandi eru drög að samningi um samráð og samstarf á höfuðborgarsvæðinu um velferðarþjónustu. Óskað er eftir því að þau verði tekin til efnislegrar umræðu og afgreiðslu og staðfestingar. Jafnframt er farið fram á ótakmarkað umboð framkvæmdastjóra til undirritunar samningsins.

Þá er meðfylgjandi minnisblað Hildigunnar Hafsteinsdóttur lögfræðings SSH þar sem nánar er fjallað um tildrög og ferli vinnu við gerð nýs samnings, en áréttað skal að ekki er gert ráð fyrir að hann feli í raun í sér breytt verklag frá því sem viðhaft hefur verið frá árinu 2010 né kostnaðarauka fyrir hlutaðeigandi sveitarfélög.



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna samkvæmt framangreindu berist á netfangið ssh@ssh.is. Sé frekari kynningar óskað skulu beiðnir þess efnis jafnframt sendar á netfangið ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:

Drög að samningi um samráð og samstarf á höfuðborgarsvæðinu um velferðarþjónustu.
Minnisblað Hildigunnar Hafsteinsdóttur, dags. 27. september. 2022.